

**Rannsóknir á seiðastofnum
Vatnsdalsár árið 2001**

**Bjarni Jónsson
Eik Elfarsdóttir**

Norðurlandsdeild Hólum, júní 2002

VMST-N/0206

Inngangur og aðferðir

Gerð var athugun á seiðastofnum Vatnsdalsár og hliðarám hennar 30. júlí og 2. september 2001. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu á vatnasvæðinu. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand fiskistofna á vatnasvæði Vatnsdalsár.

Vöxtur, þéttleiki og árgangastyrkleiki seiðastofna í Vatnsdalsá og hliðarám hennar var kannaður með rafveiðum. 30. júlí og 2. september 2001 var rafveitt samtals á sex stöðum í Vatnsdalsá, einum í Tunguá, tveimur stöðum í Hólkotskvísl, einum í Vaglakvísl, einum stað í Kornsó og þremur stöðum í Álku. Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á mynd 1. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár. Sérstök áhersla var lögð á að fá mat á seiðabúskap á fiskgengum hluta vatnasvæðisins með tilliti til áhrifa af breyttu veiðifyrirkomulagi. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 280 m² – 720 m² en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að sjónarmiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu á stöðum sem valdir hafa verið sem viðmiðunarstaðir.

Niðurstöður rafveiða

Vatnsdalsá

Efsti athugunarstaðurinn í Vatnsdalsá (staður 1) er við Dalfoss (mynd 1) og veiddust þar tveggja (2+) og þriggja (3+) ára laxaseiði en í frekar litlum þéttleika (tafla 1; mynd 2a) samanborið við sumarið 2000 (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Einnig fannst á þessum stað nú vottur af vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 2; mynd 8).

Ofan við Stekkjarfoss er athugunarstaður 2 (mynd 1) og veiddust þar fjórir árgangar laxaseiða; vorgömul, eins árs, tveggja ára og þriggja ára laxaseiði. Árgangur eins árs laxaseiða var óvenjustór og seiðin væn eftir aldri (tafla 1; mynd 2a). Árið 2000 veiddust vorgömul seiði í miklum þéttleika á þessum stað (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Talsvert hefur verið af náttúrulegum seiðum á þessum stað síðustu 2 sumur en í gegnum tíðina hefur oft vantað inn í árganga og

þéttleiki náttúrulegra laxaseiða verið lítill (Bjarni Jónsson, 2000). Hvorki veiddust bleikjuseiði eða urriðaseiði á þessum kafla.

Á rafveiðistað neðan Forsæludals (staður 3; mynd 1) veiddust eins, tveggja og þriggja ára laxaseiði og voru eins árs seiðin í mestum þéttleika en einnig var mikið af þriggja ára laxaseiðum (tafla 1; mynd 2a). Þrátt fyrir mikið magn laxaseiða á þessum stað í rafveiðunum sumarið 2001, var þéttleiki þeirra mun minni en sumarið 2000 en þá var þéttleiki seiða í Vatnsdalsá einna mestur þarna (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Ekki varð vart við bleikjuseiði eða urriðaseiði.

Neðan ármóta við Gilá, á stað 7 (mynd 1), veiddist aðeins einn árgangur laxaseiða, eins árs seiði (tafla 1; mynd 2b) samanborið við tvo árganga; eins,- og tveggja ára laxaseiða sumarið 2000 (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Talsvert veiddist af vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 2; mynd 8).

Við Hof (staður 8; mynd 1) veiddust einnig aðeins árgömul laxaseiði líkt og við ármót Gilár og var þéttleiki þeirra frekar lítill (tafla 1; mynd 2b). Þrjú síðustu ár hafa veiðst þarna tveir til þrír árgangar laxaseiða. (Bjarni Jónsson, 2000; Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Á athugunarkaflanum var nokkuð um vorgömul bleikjuseiði og þó nokkuð af vorgömlum urriðaseiðum (tölur 2 og 3; myndir 8 og 12).

Fyrir neðan Skriðuvað er rafveiðistaður 9 (mynd 1), þar voru tveir árgangar laxaseiða ríkjandi, eins árs og tveggja ára laxaseiði. Ekki sást vorgömul laxaseiði að þessu sinni og árgangur þriggja ára laxaseiða farinn af þessum árkafla (tafla 1; mynd 2b). Síðasta sumar mátti finna á þessum stað fjóra árganga laxaseiða, frá vorgömlum upp í þriggja ára og var þéttleiki laxaseiða þá almennt meiri á þessum stað (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Auk laxaseiða var vottur af eins árs urriðaseiðum fyrir neðan Skriðuvað (tafla 3; mynd 12).

Álka

Á eyrunum fyrir ofan Einvígissfoss veiddust eins árs sleppiseiði úr sleppingu sumarið 2000 og voru þau á bilinu 9-11 cm að lengd (tafla 1; mynd 3). Þar veiddust einnig vorgömul bleikjuseiði (tafla 2; mynd 9).

Neðst í Álkugilinu (staður 2; mynd 1) varð vart við eins og tveggja ára laxaseiði en í fremur litlum þéttleika (tafla 1; mynd 3). Hvorki sáust bleikju né urriðaseiði. Á þessum kafla var nokkuð meira af laxaseiðum sumarið 2000, eins,- og tveggja ára seiði (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000).

Rafveitt var fyrir neðan Álkubrá á stað 3 (mynd 1) og veiddist þar mikið af eins, tveggja og þriggja ára laxaseiðum (tafla 1; mynd 3), þó ekki eins mikið og ári fyrr þegar fjöldi eins,- og tveggja ára laxaseiða var þar meiri en áður hefur mælst í Álku. Mestur er þéttleikinn nú hjá tveggja og þriggja ára laxaseiðum en árið áður var þéttleikinn mestur hjá eins og tveggja ára seiðum á þessum stað. Þrátt fyrir mikinn fjölda seiða þá hafa þau vaxið vel eins og marka má af lengd miðað við aldur (mynd 3; Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Einnig fannst vottur af tveggja ára bleikjuseiðum (tafla 2; mynd 9).

Hólkotskvísl

Á stað 2 (mynd 1) veiddust aðeins laxaseiði og voru það eins árs sleppiseiði í þó nokkrum þéttleika og á breiðu stærðarbili eða allt frá 7-12 cm að lengd (tafla 1; mynd 4).

Staður 5 í Hólkotskvísl er rétt ofan ármóta við Vaglakvísl (mynd 1), einu laxaseiðin sem þar fundust reyndust vera þriggja ára sleppiseiði (tafla 1; mynd 4). Á þessum stað veiddust sumarið 2000 tveggja ára náttúruleg laxaseiði sem er eini árgangur náttúrulegra laxaseiða sem vitað er til að hafi komið fram á þessum slóðum. Þessi seiði voru nú farin auk flestra eldri sleppiseiða sem þarna voru einnig sumarið 2000 (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Ekki veiddust bleikju eða urriðaseiði.

Vaglakvísl

Veitt var rétt ofan ármóta við Hólkotskvísl (staður 3; mynd 1). Á þessum stað veiddust tveggja ára náttúruleg laxaseiði (tafla 1; mynd 5). Síðasta sumar veiddust þarna eins og tveggja ára náttúruleg seiði ásamt tveggja ára sleppiseiðum en áður höfðu ekki veiðst náttúruleg laxaseiði í Vaglakvísl sem þangað höfðu komist af eigin

rammleik (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Einnig veiddust á þessum stað tveggja og þriggja ára urriðaseiði (tafla 3; mynd 13).

Tunguá

Í Tunguá var rafveitt fyrir neðan brú, staður 2 (mynd 1) og veiddust þrjár árgangar, eins, tveggja og þriggja ára laxaseiði. Voru yngstu seiðin í mestum þéttleika en þau elstu í minnstum (tafla 1; mynd 6). Þéttleiki seiðanna nú í ár var mun minni en í fyrra en þá var hann óvenjumikill (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Vottur fannst einnig af eins árs bleikju og urriðaseiðum (töflur 2 og 3; myndir 10 og 14).

Kornsá

Fyrir ofan brú í Kornsá var rafveitt (staður 4; mynd 1) og veiddust þar engin vorgömul laxaseiði frekar en árið áður (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000) en talsvert fannst af eins árs seiðum og minna af tveggja ára laxaseiðum (tafla 1; mynd 7). Einnig veiddust vorgömul og árgömul bleikjuseiði (tafla 2; mynd 11) og nokkuð af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum (tafla 3; mynd 15).

Veiðin 2001

Á laxasvæðunum í Vatnsdalsá veiddust 502 laxar en 432 þeirra var sleppt aftur. Af þeim 502 löxum sem veiddust voru 339 hængar og 151 hrygna. Tæp 60% laxanna voru smálaxar en rétt um 40% stórlaxar. Langmestur hluti smálaxanna voru hængar eða um 85%. Hlutföllin voru mun jafnari hjá stórlöxunum, hrygnurnar voru þó nokkuð fleiri eða um 54% en hængar voru 41%, nokkuð var af ókyngreindum löxum. Á laxasvæðinu veiddust einnig 222 bleikjur og 119 urriðar (töflur 3, 4 og 5). Þyngdardreifing og vikuleg veiði á laxi, bleikju og urriða er sýnd á myndum 16-18. Á svæðinu fyrir ofan Forsæludal veiddust 36 laxar og var 8 þeirra sleppt, einnig veiddust 16 bleikjur. 23 laxanna höfðu verið eitt ár í sjó, þar af voru 19 hængar, 5 laxar höfðu verið tvö ár í sjó, 3 hængar og 2 hrygnur. Óvíst var með fjölda ára í sjó hjá 8 löxum í Forsæludal (töflur 6, 7 og 8). Þyngdardreifing og vikuleg veiði á laxi, bleikju og urriða er sýnd á myndum 19-21.

Á silungasvæði Vatnsdalsár veiddust 46 laxar, 1681 bleikja og var 10 þeirra sleppt, 688 urriðar en 2 var sleppt. Einnig veiddust 117 fiskar sem ekki voru greindir til tegundar og var einum þeirra sleppt (töflur 9, 10 og 11). Þyngdardreifing og vikuleg veiði á laxi, bleikju og urriða er sýnd á myndum 22-24.

Umræða

Rannsóknir á seiðastofnum Vatnsdalsár sumarið 2001 benda til þess að fjöldi sjógönguseiða úr Vatnsdalsá það ár hafi verið mun meiri en hann hefur verið í allnokkur ár. Munar mestu um stóran árgang þriggja ára seiða sem gengur úr ánni á tveimur árum. Talsverður hluti þessara seiða gekk til sjávar vorið 2001 og þau sem eftir urðu munu ná sjóþroska nú í vor. Þessi árgangur, úr hrygningu haustið 1997, hefur mælst stór í ánni allt frá árinu 1998 og hefur vöxtur seiðanna verið góður. Þetta er jafnframt fyrsti laxaseiðaárgangur í ánni úr hrygningu eftir að tekið var upp “veiða sleppa” veiðifyrirkomulag allt veiðitímabilið í Vatnsdalsá. Aukning sjógönguseiða hefur verið mest í efri hluta Vatnsdalsár og Álku. Enn vantar nokkuð á að svæðið neðan Flóðs skili þeirri seiðaframleiðslu sem það getur gert.

Í heild sinni hefur seiðabúskapur Vatnsdalsár farið batnandi síðustu þrjú árin en hann var í algerrni lægð árin 1997-1998. Seiðastofnar árinna eru öflugir í efri hluta Vatnsdalsár og Álku og útlit fyrir að ekki verði breyting á því í bráð. Það er hins vegar umhugsunarefni hvers vegna seiðabúskapur í neðri hluta árinna er enn nokkru lakari en hann var á fyrri árum. Margar ástæður kunna að vera fyrir því að bati í seiðabúskap gengur hægar fyrir sig á þessum slóðum en annarsstaðar í ánni, svo sem óvenjulegt tíðarfar með háum vatnshita í Flóðinu síðastliðið sumar (hátt yfir kjörhita laxaseiða) og mikill viðgangur vatnaflóka á þessum árkafla síðustu árin.

Enn sem komið er hafa spár gengið eftir um framvindu seiðaárganga í Vatnsdalsá og aukningu á fjölda sjógönguseiða. Vatnsdalsá bætti hlut sinn gagnvart nágrettaám í veiði sumarið 2001 og mun halda því áfram sumarið 2002. Rannsóknir á ám á Norðurlandi benda til þess veiði sumarið 2002 verði ekki ósvipuð því sem hún var sumarið 2001. Sá taktur sem árnar voru í á árum áður hefur hins vegar riðlast og má búast við því að nokkrar ár, þar með talið Vatnsdalsá bæti hlut sinn á meðan aðrar

jafnvel dala enn frekar. Ekki er búist við aukningu í veiði á Vesturlandi eða Suðurlandi og spár fyrir laxveiði á landinu öllu markast af hóflegri bjartsýni.

Flest bendir til þess að enn þurfi að bíða eftir því að stórlaxagengd aukist á nýjan leik í Vatnsdalsá sem annarsstaðar. Það er því vert að ítreka mikilvægi þess að vernda stórlaxinn svo að þeir erfðabættir sem stuðla að þeirri lífsögu að laxar verði stórlaxar fari ekki dvínandi innan laxastofna. Það veiðifyrirkomulag sem er ástundað í Vatnsdalsá nú stuðlar einmitt sérstaklega að verndun þessara erfðaeiginleika og hefur gert síðan “veiða sleppa” veiðifyrirkomulagið var tekið upp í ánni. Nýjar rannsóknir á fjölbreytileika íslenskra laxastofna sýna að mikill breytileiki er á milli stofna og að erfðabundinn munur geti verið á lífsögu og útliti laxastofna innan sömu árinna (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2002; Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson, 2002). Þessar niðurstöður undirstrika fyrri ábendingar um gildi þess að horfa til verndunar erfðabreytileika og sérstakra eiginleika við umgengni og veiðistjórnun laxastofna (Bjarni Jónsson, 1995). Þannig þarf ekki einungis að horfa til nýliðunar til skemmri tíma í ánum heldur ekki síður að tryggja að erfðafræðilegur fjölbreytileiki og eiginleikar einstakra stofna séu verndaðir til lengri tíma litið. Slíkt getur kallað á aðrar viðmiðanir en víða eru viðhafðar (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2002; Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson, 2002). Þær rannsóknir sem hér er vitnað til eru þær fyrstu sem sýna fram á erfðabundinn stofnamun í lífsögu og útliti laxastofna innan sömu árinna á Íslandi. Óvenjumikinn fjölbreytileiki er einnig að finna innan annarra tegunda íslenskra ferskvatnsfiska; bleikju (Skúli Skúlason, Sigurður S. Snorrason og Bjarni Jónsson, 1999; Bjarni Jónsson og Skúli Skúlason, 2000; Bjarni Jónsson, 2002a; Bjarni Jónsson 2002b), hornsíla (Bjarni K. Kristjánsson, 2001; Bjarni Jónsson, 2002a) og ála (Bjarni Jónsson og David LG. Noakes, 2001). Í framtíðinni er nauðsynlegt að leggja enn ríkari áherslu á rannsóknir á fjölbreytileika íslenskra ferskvatnsfiska og þá sérstaklega laxa, til að treysta þann þekkingargrunn sem byggja þarf á við verndun og nýtingu laxastofna.

Sumarið 2002 markar þau tímamót að fyrsti árgangur laxa í Vatnsdalsá úr hrygningu eftir að tekið var upp nýtt veiðifyrirkomulag byrjar að ganga í ána sem smálax. Því er spáð að veiði muni aukast í Vatnsdalsá í sumar og þá sérstaklega þegar líður á sumarið og smálaxinn fer að skila sér.

Heimildaskrá

Bjarni Jónsson, 1995. Verndun og nýting íslenskra laxastofna. *Freyr* (6) 1995. Bls. 250-256.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Vatnsdalsár 1998 og 1999. VMST-N-00002.

Bjarni Jónsson, 2002a. Parallel sympatric segregation in arctic charr and threespined stickleback in Lake Galtaból, Iceland. *Fisheries science*, júní 2002. Supplement.

Bjarni Jónsson, 2002b. Evolution of diversity among Icelandic arctic charr (*Salvelinus alpinus* L.). *Fisheries science*, júní 2002. Supplement.

Bjarni Jónsson og David L.G Noakes, 2001. *Icelandic eels*. Proceedings of the International Symposium. Advances in Eel Biology. The University of Tokyo. 28-30 september 2001. Bls. 33-35.

Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Vatnsdalsár árið 2000. VMST-N-00012.

Bjarni Jónsson og Skúli Skúlason, 2000 Polymorphic segregation in arctic charr *Salvelinus alpinus* (L.) from Vatnshlidarvatn, a shallow Icelandic lake. *Biological Journal of the Linnean Society*. **69**: Bls. 55-74.

Bjarni K. Kristjánsson, 2001. Divergence of Icelandic threespine stickleback, *Gasterosteus aculeatus*, to two substrate types in lakes and recently formed lagoon. Msc. Thesis, The University of Guelph.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2002. Phenotypic and genetic basis of segregation in shape and life history among Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) in River Víðidalsá, NW-Iceland. Fimm eininga rannsóknaverkefni, júní 2002. Háskóli Íslands, Líffræðiskor.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson, 2002. Phenotypic and genetic basis of segregation in shape and life history among Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) in River Víðidalsá, NW-Iceland. *Fisheries Science*, júní 2002. Supplement.


Skúli Skúlason, Sigurður S. Snorrason og Bjarni Jónsson 1999. Sympatric morphs, populations and speciation in freshwater fish with emphasis on arctic charr. Í: Evolution of Biological Diversity (Ritstj. Anne E. Magurran og Robert M. May). Oxford University Press. Bls. 70-92.

English summary




A study on the population dynamics of salmon in River Vatnsdalsá has been ongoing for the last 20 years. Important part of this study is research on the juvenile production and year class strength of the salmon populations. Results from last year research indicate continued improvement in the status of juvenile populations, which reached their worst conditions observed during the course of the study in the years 1997-1998. The number of smolts (juveniles ready for seawater) migrating to seawater in the spring 2001 appears to be among the best seen for many years in River Vatnsdalsá.

So far, predictions have been holding on improved status of juvenile populations and individual year class strength in Vatnsdalsá. The number of recruiting smolts has been increasing in the river. Studies on salmon rivers in Northern Iceland indicate that salmon catches will be similar in this year fishing season as in the year 2001. Over the years, there has been a strong correlation between salmon catches between individual salmon rivers in Northern Iceland. In the last years we have seen changes in these correlations, with rivers showing great deviations from this relationship. We can expect this situation to continue, with River Vatnsdalsá improving its status, while many other rivers either stay similar or decrease in their catches.




There are few indications that the numbers of multisea winter salmon (salmon spending two or more years in seawater) will increase in the near future in Vatnsdalsá rather than other Icelandic rivers. The fishing methods, "catch and release" employed in the river since 1997, however, acts to protect the genetic basis of these life history characteristics for the future. There is a reason for optimism for this summer, as the first year class originating from spawning since the new fishing regulations "catch and release" were adopted will arrive in Vatnsdalsá as salmon grilse this year. The Institute of Freshwater Fisheries predicts improved salmon runs in River Vatnsdalsá and that this improvement will be evident later in the summer when the salmon grilse start appearing in the river.






Mynd 1 Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám hennar.





Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2001.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2001.




Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Álku í júlí 2001.




Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veidra laxaseiða í Hólkotskvísl í júlí 2001.




Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vaglakovísl í júlí 2001.





Mynd 6: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Tunguá í júlí 2001.




Mynd 7: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Kornsá í júlí 2001.




Mynd 8: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnsdalsá sumarið 2001.





Mynd 9: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Álku í júlí 2001.




Mynd 10: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Tunguá í júlí 2001.




Mynd 11: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Kornsá í júlí 2001.




Mynd 12: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2001.






Mynd 13: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vaglakvísl í júlí 2001.




Mynd 14: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Tunguá í júlí 2001.




Mynd 15: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Kornsá í júlí 2001.





Mynd 16: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða á laxasvæði Vatnsdalsár sumarið 2001.




Mynd 17: Þyngdardreifing veiddra laxa á laxasvæði Vatnsdalsár sumarið 2001 eftir kyni.




Mynd 18: Vikuleg lax-, bleikju- og urriðaveiði á laxasvæðinu í Vatnsdalsá árið 2001.






Mynd 19: Þyngdardreifing veiddra laxa og bleikju í Vatnsdalsá í Forsæludal sumarið 2001




Mynd 20: Þyngdardreifing veiddra laxa í Vatnsdalsá í Forsæludal sumarið 2001 eftir kyni.






Mynd 21: Vikuleg lax og bleikjuveiði í Vatnsdalsá við Forsæludal árið 2001.



Mynd 22: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða á silungasvæði Vatnsdalsár sumarið 2001.



Mynd 23: Þyngdardreifing veiddra laxa á silungasvæði Vatnsdalsár sumarið 2001 eftir kyni.



Mynd 24: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði á silungsvæði Vatnsdalsár árið 2001.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarárám í sumarið 2001.

Staður nr.	Stærð svá	Aldur							
		0+	1+	1+ss	2+	3+	3+ss	4+	
Vatnsdalsá-staður 1	60x12m				0,56	0,28			
Vatnsdalsá-staður 2	30x10m	0,67	8,00		2,00	1,00			
Vatnsdalsá-staður 3	7x40m		4,29		0,71	2,14			
Vatnsdalsá-staður 7	64x10		1,09						
Vatnsdalsá-staður 8	12x26m		0,64						
Vatnsdalsá-staður 9	15x35m		4,00		2,67				
Alka-staður 2	15x40m		0,33		0,33				
Alka-staður 3	10x30m		2,67		8,33	5,67			
Alka-ofan Einvígissfoss	14x50m			0,71					
Hólkotskvísl-staður 2	7x45m			7,94					
Hólkotskvísl-staður 5	5x80m								
Vaglaskvísl-staður 3	5x70m						0,25		
Tunguá-staður 2	8x60m		5,42		0,57				
Kornsá-staður 4	9x34m	0,00	4,90		1,88	0,83			
					0,98				

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám í sumarið 2001.

Staður nr.	Stærð svæðis	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	60x12m	0,14				
Vatnsdalsá-staður 2	30x10m					
Vatnsdalsá-staður 3	7x40m					
Vatnsdalsá-staður 7	64x10	2,50				
Vatnsdalsá-staður 8	12x26m	1,92				
Vatnsdalsá-staður 9	15x35m					
Álka-staður 2	15x40m					
Álka-staður 3	10x30m			0,33		
Álka-ofan Einvígisfoss	14x50m	0,57				
Hólkotskvísl-staður 2	7x45m					
Hólkotskvísl-staður 5	5x80m					
Vaglakovísl-staður 3	5x70m					
Tunguá-staður 2	8x60m		0,63			
Kornsá-staður 4	9x34m	0,33	0,33			

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám í sumarið 2001.

Staður nr.	Stærð svæðis	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	60x12m					
Vatnsdalsá-staður 2	30x10m					
Vatnsdalsá-staður 3	7x40m					
Vatnsdalsá-staður 7	????					
Vatnsdalsá-staður 8	12x26m	6,73				
Vatnsdalsá-staður 9	15x35m		0,19			
Álka-staður 2	15x40m					
Álka-staður 3	10x30m					
Álka-ofan Einvígisfoss	14x50m					
Hólkotskvísl-staður 2	7x45m					
Hólkotskvísl-staður 5	5x80m					
Vaglakovísl-staður 3	5x70m			0,57	0,29	
Tunguá-staður 2	8x60m		0,83			
Kornsá-staður 4	9x34m	1,63	3,27			

Tafla 3: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla á laxasvæði Vatnsdalsár árið 2001.

	Lax	Bleikja	Urriði	Óþekkt
Veiði	502	222	119	2
Sleppt	432		2	
Afli	70	222	117	2

Tafla 4 : Fjöldi veiddra laxa eftir kyni á laxasvæði Vatnsdalsár 2001.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	339	151	12	502
Sleppt	288	139	5	432
Afli	51	12	7	70

Tafla 5: Laxveiðin á laxasvæði Vatnsdalsár 2001. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	256	2,8	85,6	41	2,5	13,7	2	2,5	0,7	299	2,7
2	82	6	40,8	109	5,8	54,2	10	5,2	5,0	201	5,9
Óvíst	1		50,0	1		50,0			0,0	2	
Alls	339	3,5	67,5	151	4,9	30,1	12	4,7	2,4	502	4

Tafla 6: Fjöldi veiddra og slepptra laxa og bleikju ásamt afla í Vatnsdalsá við forsæludal árið 2001.

	Lax	Bleikja	Urriði	Óþekkt
Veiði	36	16		
Sleppt	8			
Afli	28	16	0	0

Tafla 7: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Vatnsdalsá við Forsæludal 2001.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	26	10		36
Sleppt	4	4		8
Afli	22	6	0	28

Tafla 8: Laxveiðin í Vatnsdalsá við Forsæludal 2001. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	19	2,7	82,6	4	2,6	17,4			0,0	23	2,7
2	3	4,7	60,0	2	4,5	40,0			0,0	5	4,6
Óvíst	4		50,0	4		50,0			0,0	8	
Alls	26	2,5	72,2	10	1,9	27,8	0		0,0	36	2,4

Tafla 9: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla á silungsvæði Vatnsdalsár árið 2001.

	Lax	Bleikja	Urriði	Óþekkt
Veiði	46	1681	688	117
Sleppt		10	2	1
Afli	46	1671	686	116

Tafla 10: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni á silungsvæði Vatnsdalsár 2001.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	12	12	22	46
Sleppt				0
Afli	12	12	22	46

Tafla 11: Laxveiðin á silungsvæði Vatnsdalsár 2001. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalp. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.
1	6	2,7	24,0	6	2,7	24,0	13	2,3	52,0	25	2,5
2	6	5,5	30,0	6	5,8	30,0	8	5,1	40,0	20	5,4
Óvist			0,0			0,0	1		100,0	1	
Alls	12	4,1	26,1	12	4,3	26,1	22	3,2	47,8	46	3,7